

# Bókasafn Reykjanesbæjar

## ársskýrsla fyrir árið 2016



## Efnisyfirlit:

- Hagnýtar upplýsingar
  - Lykiltölur 2016
  - Hlutverk
  - Leiðarljós
  - Markmið
  - Leiðir að markmiðum
  - Aðsetur
  - Opnunartími
  - Húsnæði
  - Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
  - Rafrænn aðgangur
  - Rekstrartölur
  - Starfsfólk
  - Helstu verkefni ársins
  - Stjórnáætlun
- Aðfangadeild
  - Hlutverk
  - Safnkostur
- Barna- og unglingastarf
  - Sögustundir/heimsóknir
  - Samstarfsverkefni
  - Sumarlestur
  - Koffort
  - Gaman að lesa saman
  - Listaspírur
  - Laugardagar fjölskyldudagar
  - Bókaverðlaun barnanna
  - Bangsadagurinn
  - Barnahátíð
  - Sögupokar
  - Gjafir
  - Föndur
  - Vetrarfrí
  - Norræna bókasafnavikan
- Fjölmenning
  - Heimskonur
  - Heilakúnstir
  - Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
  - Fjölmenningarráð Reykjanesbæjar
  - Þjónusta við hælisleitendur
  - Millisafnalán
  - Samstarf við Norræna húsið
- Heimsendingar
  - Samstarf við Blindrabókasafn
  - Tölur yfir útlán
- Kynningar- og markaðsmál ásamt menningarviðburðum
  - Viðburðir
  - Kynning á bókmenntaarfinum
  - Fornbókmenntanámskeið
- Vefur safnsins og Facebook
  - Vefur
  - Facebook
  - Hönnun og myndvinnsla
- Tölvu- og tæknimál
  - Tölvueign
  - Forrit og kerfi
- Upplýsingadeild
  - Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
  - Millisafnalán
  - Notendaþjónusta
  - Upplýsingavakt
- Útlánadeild
  - Verksvið
  - Útlán
- Viðgerðir og bókbænd
  - Yfirlit yfir heimssóknir, ferðir, samstarfsverkefni, fundi, erindi, ráðstefnur og nám/námskeið

Forsíðumyndin er samsett. Yfirlitsmynd frá miðju safnsins, upplestri og opnun Jamestown sýningarinnar í Áttthagastofu.

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

**LYKILTÖLUR 2016:** (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 94.552 (101.144)

Útlán á íbúa: 6,2 (6,6)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2016 voru 77.524 (83.508)

Heimsendingar, útlán á Nesvelli, sjúkrahús og Hrafnistu voru 1640 (967)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsófn) voru: 15.908 (16.020)

Útlán til skipshafna 420 (650)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 480 (648)

Millisafnalán voru 4.275 (4.893)

Fjöldi lánþega með gild kort 31. desember 2016 2.706 (2.800)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 140 (125)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 40 (17)

Sumarlestur: 200 (363) börn tóku þátt

Þjónustutími: 51 klst á viku

Þjónustudagar: 300 (297)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2016: 66.994 (66.779)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2016: 9 (9). Stöðugildi 6,75 (6,6)

### Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasófn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasófn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasófn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

#### Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun.

#### Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, víðsýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lífandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framfarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

#### Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tónlistar og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna og [leitir.is](http://leitir.is), hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennabyggðir í Átthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur sófn og viðeigandi fagfélög.

**Aðsetur:** Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ.

Póstfang 230. Sími 421 6770, bófasími 421 4667. Netfang: [bokasafn@reykjanesbaer.is](mailto:bokasafn@reykjanesbaer.is), veffang:

[sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn](http://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn)

**Opnunartími:** Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 9-18 og laugardaga 11-17 allt árið.

**Húsnæði:** Safnið er í 911 m<sup>2</sup> húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 500 m<sup>2</sup> og neðri hæð 411 m<sup>2</sup>.

**Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél:** Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

**Rafrænn aðgangur:** Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is

**Rekstrartölur:** Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2016 hljóðar upp 68.500.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 8.450.000 kr. og launakostnaður 49.000.000.

**Starfsfólk:** Í árslok 2016 voru 9 (9) starfsmenn á safninu í 6,75 (6,6) stöðugildum. Þeir eru: Anna Margrét Ólafsdóttir, Anna María Cornette, Elísabet Björnsdóttir, Guðríður Anna Waage, Katrín Nielsdóttir, Oddný Leifsdóttir, Rannveig L. Garðarsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir og Þórey Ösp Gunnarsdóttir. Auk þess voru Helena Ósk Árnadóttir og Jóna Þórudóttir í afleysingum. Hrafninn Nött vann í fjórar vikur á bókasafninu á vegum Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Thelma Rut og Ásmundur komu frá Vinnuálastofnun í gegnum verkefnið Fyrirmyndardagur og kynntu sér starfsemi safnsins. Þorbjörg Bergmann kom í vinnustaðaprófun í þrjár vikur á vegum Samvinnu. Jakub Polowski frá Heiðarskóla kom í starfskynningu í mars.

**Helstu verkefni ársins:** Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaerfinum. Áttthagastofa var opnuð í safninu en á árinu fékkst styrkur úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til þess að stýra því verkefni. Rýmið var málað og parketlagt, keyptar nýjar hillur og gert sýningarhæft. Í Áttthagastofu er safnað saman heimildum um Reykjanesbæ og Suðurnes. Keilir ákvað að halda ekki áfram samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar og því lauk í júní 2016. Stór hluti ársins fór í skipulagningu á Landsfundi Upplýsingar sem haldinn 29.- 30. september í Hljómahöll og var á höndum almenningssafna á Suðurnesjum. Bókasafnið ásamt Duus Safnahúsum og Rokksafnið stóðu saman að útgáfu menningarkorta. Handhafi menningakorts fær frítt í söfnin og bókasafnskort. Öllum starfsmönnum Reykjanesbæjar var boðið kortið endurgjaldslaust og margir nýttu sér það. Nýtt og minna afgreiðsluborð var keypt á safnið. Áfram var augin áhersla á læsi og vekja áhuga á lestri m.a í gengum Allir lesa átakið. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

### Stjórnsýsluvið

Ásbjörn Jónsson er sviðsstjóri stjórnsýsluviðs. Menningarráð skipa þau Guðbjörg Ingimarsdóttir (formaður), Baldur Guðmundsson, Dagný Steinsdóttir, Davíð Örn Óskarsson og Sigrún Inga Ævarsdóttir.

### AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóðareglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfalli birtist á [www.leitir.is](http://www.leitir.is) og á heimasíðu [bókasafnsins](http://bokasafnsins).

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjanesbæjar í lok ársins 2016 66.994 (66.769) eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 59.178 bækur, 4.902 eintök tímarita, 1.124 hljóðbækur, 397 hljómdiskar og 863 mynddiskar.

Ekki voru miklar breytingar á útgáfu og innkaupum á efni til safnsins á árinu. Landskerfi bókasafna og Borgarbókasafn eru að vinna saman að Rafbókasafni og vonandi gengur Bókasafnið inn í það starf árið 2017.



### BARNA- OG UNGLINGASTARF

**Sögustundir/heimsóknir:** Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 140 leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu, 76 leikskólaheimsóknir frá 9 leikskólum voru skráðar á vorönn en 64 heimsóknir frá 9 leikskólum voru skráðar á haustönn. Leikskólaheimsóknum heldur áfram að fjölga. 40 grunnskólaheimsóknir og tæplega 530 börn komu í heimsókn á safnið á árinu í kynningu á safninu og í Vallaleikinn. Í heildina voru skráðar 2575 heimsóknir frá leik- og grunnskólabörnum. Um 450 börn komu á bókasafnið á öskudeginum, sungu fyrir starfsmenn og fengu blýanta með merki bókasafnsins að launum.

**Samstarfsverkefni:** Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem fer fram á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsbækur á póstlistum um málefni bókasafna. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

**Sumarlestur:** Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst á hverju ári fyrir börn á milli 6 – 16 ára og elsta árgangi leikskólanna. Í bókasafninu var ákveðið að halda áfram með sumarlestursbingó fyrir börn í Reykjanesbæ og farið var í alla 1. – 4. bekkir grunnskóla Reykjanesbæjar til að kynna sumarlesturinn. Buin voru til bingóspjöld með mismunandi lestrarleiðum til að prófa. Tvisvar í mánuði var dregið úr bingóspjöldunum og tveir vinningshafar

fengu bókaverðlaun. Einnig voru kynntir fyrir börnunum óvissupakkar bókasafnsins þar sem börnin gátu komið og fengið lánaðan pakka með þremur bókum (Léttfeti, Miðlungur og Fullsterkur) og þannig var búin til eftirvænting og bækur kynntar fyrir börnum sem þau hefðu kannski annars ekki lítið við. Uppskeruhátið sumarlesturs var 14. september og Ævar vísindamaður kom í heimsókn og las upp úr nýrri bók sinni. Um 60 börn mættu og fengu óvæntan glaðning. Yfir 260 bingóspjöldum var skilað í pott og útlán jukust í barna- og unglingsdeild um 40% milli ára í sumarlestri.

**Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar:** Bókasafnið er með 1 koffort í öllum leikskólum bæjarins utan eins. Samtals á safnið 1005 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Markmiðið með kofforti í leikskólanum er að börn geti fengið að láni bók með sér heim og valið úr úrvali góðra bóka.

**Gaman að lesa saman:** Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmennningarverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskólanna í Reykjanesbæ og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjanesbæjar og nýtast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði og Laut í Grindavík eru einnig með. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

**Listaspírur:** Safnið er með hóp af börnum af efsta stigi grunnskólans sem kallast listaspírur. Á vorönn mættu 12 listaspírur.

**Bókaverðlaun barnanna:** Bókasafnið tók þátt í bókaverðlaunum barnanna og sendir niðurstöður á Borgarbókasafn sem sér um alla kynningu.

**Fjölskyldudagar:** Laugardagar eru fjölskyldudagar á bókasafninu. Þá er settur fram dótakistill og sögupokar. Spilum saman og litum saman eiga sína föstu laugardaga.

**Notalegar sögustundir:** Notaleg sögustund með Höllu Karen hefur slegið í gegn og á hún sér fasta aðdáendur. Bætt var við sögustundum á ensku og pólsku. Sögustundirnar eru einu sinni í mánuði, á laugardögum.

**Bangsadagurinn:** Bókasafnið var með bangsagetraun í tilefni af Bangsadeginum alls voru það 60 krakkar sem tóku þátt og 3 börn voru dregin út sem fengu bókasafnsbangsa í verðlaun.

**Barnahátið í Reykjanesbæ:** Framlag bókasafnsins í ár var að bjóða upp á námskeið í bókagerð. Vel var mætt og margar skemmtilegar bækur urðu til.

**Sögupokar:** Markmiðið með sögupokunum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna.

**Gjafir:** Ibby félagasamtök áhugamanna um barnabókmenntir og barnamenningu á Íslandi færðu öllum 6 ára börnum bók að gjöf sem þau sóttu á bókasafnið.

**Föndur:** Boðið var upp á óskupokagerð, páskaföndur og jólaföndur.

**Vetrarfrí:** Í vetrarfrí skólanna var boðið upp á ratleik úr bókinni Didda og dauði kötturinn og sama mynd sýnd í bíó í bókasafninu. 180 tóku þátt börn tóku þátt.

**Norræna bókasafnavikan:** Boðið var upp á bókagerðanámskeið í Norrænu bókasafnavikunni í samstarfi við Norræna félagið á Suðurnesjum sem greiddi fyrir allt efni.

## Fjölmennning

**Heimskonur:** Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í tæplega fjögur ár og gengur mjög vel. Hist hefur verið mánaðarlega og verið mjög vel mætt í öll skiptin (8 – 20 konur á hverjum fundi). Einnig hafa einhverjar úr hópnum verið að hittast fyrir utan mánaðarlegu fundina. Fésbókar síða hópsins hefur verið mjög virk og góð samskipti farið fram á henni. Á árinu var farið í jóga, snætt saman, party, jólakökubakstur og bíóferð.

**Heilakunstir:** Rauði krossinn og Bókasafn Reykjanesbæjar bjóða upp á heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn í Reykjanesbæ. Verkefnið var tilnefnt til Hvatningarverðlauna fræðsluráðs Reykjanesbæjar 2016.

**Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum:** Tekið var á móti einum hóp úr landnemaskólanum á árinu. Auk þess hafa komið tveir hópar frá MSS sem eru í menntastöðum.

**Fjölmenningaráð Reykjanesbæjar:** Anna María situr fyrir hönd bókasafnsins í fjölmenningarráði Reykjanesbæjar. Fjölmenningardagurinn var haldinn hátiðlegur 4. júní og voru öll svið Reykjanesbæjar með kynningu auk þess sem sýnd voru skemmtiatriði.

**Hælisleitendur:** Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds og því fylgir aðgangur að tölvu í allt að klukkustund á dag. Þetta er í samstarfi við velferðarsvið.

**Millisafnalán:** Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á pólsku og ensku til lengri eða skemmri tíma.

**Samstarf við Norræna húsið:** Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gildu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

## HEIMSENDINGÞJÓNUSTA

Rannveig Lilja Garðarsdóttir hefur umsjón með heimsendingþjónustu bókasafnsins. Farið er í heimsendingar, á Nesvelli og Hrafnistu aðra hvora viku. Um 10 lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliðir á milli lánþega og Hljóðbókasafn Íslands þegar þannig hefur staðið á. Um 28 lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hrafnistu eru um 13 manns sem nýta sér þjónustuna. Starfsmenn safnsins verið milligönguliður á milli lánþega og Hljóðbókasafn Íslands þegar þannig hefur staðið á.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):  
Heimsendingar: 578 (453)


Nesvellir: 345 (456)  
Hrafnista: 354 (58)  
Hlévangur: 262  
Sjúkrahúsið: 101



## KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Í markaðsstarfi starfsins er unnið með póstlista, facebook, instagram, snapchat, pinterest og heimsíðu safnsins. Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja um Áttthagastofu og fékkst styrkur. Fræðslu- og viðburðadagskrám hefur fjölgað og gestakomur hafa aukist á safninu þ.e. aðsókn að viðburðum hefur aukist í takt við fjölgun þeirra. Heildarfjöldi viðburða á árinu voru 122 og skráðir gestir voru 3460.

Fjöldi skráðra gesta á viðburðum eftir mánuðum



### Viðburðir á árinu:

**Lesandi vikunnar:** Yfir sumarið var valinn lesandi vikunnar út frá ábendingum um öfluga lesendur. Þetta verkefni var unnið í samstarfi við Víkurfréttir.

**Bókasjall:** Ragnhildur Árnadóttir hefur stýrt bókasjalli safnsins. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði og ræðir gamlar og nýjar bækur.

**Upplestur og fræðsla:** Viðburðum hefur fjölgað og á árinu var m.a. boðið upp á: fluguhnýtingar, minimalískur lífstíll, kryddjurtir, sykurlaus lífstíll, hjólaviðgerðir, Sigmundur Ernir las úr bókinni Allt mitt líf er tilviljun, lesið var úr bókinni Jón Vídalín sem gefin er út af Lesstofunni, Hildur Sif Thorarensen las úr Einfara, fjölskyldujóga, glæpasagnavíka, golf kynning, silkiprikk námskeið, teiknimyndasögunámskeið, Nanna Rögnvaldardóttir fjallaði um bókina sína Létt og litríkt, öskupokagerð, spilavinir, Íris Sveinsdóttir hárgreiðslumeistari kenndi greiðslur í hár, Wikipedia kvöld með Hrafn Malmquist og bókmenntaganga í tilefni GeoPark viku.

**Útgáfuhóf:** Þröstur Jóhannsson var með útgáfuhóf í tilefni bókarinnar Bjalla og bæjarstjórinn sem gat ekki flogið.

**Litað saman:** Berlind Ásgeirsdóttir einn höfunda Íslensku litabókarinnar kom og sagði frá nýútkominni litabók sinni og gestir lituðu saman.

**Skákdagur:** Skákdagurinn var haldinn hátíðlegur þar sem Stefán Bergsson kom frá Skákakademiunni og kynnti skák stuttlega, leiðbeindi gestum safnsins og tefldi við áhugasama.

**Sýningar í Áttthagastofu:** Í Áttthagastofu var sett upp sýningin „Þetta vilja börnin sjá“, Álfabækur Guðlaugs Arasonar listamanns og sýning um Jamestown strandið.

**Erlingskvöld:** Í lok mars var haldið Erlingskvöld þar sem Héðinn Unnsteinsson las úr bók sinni Vertu úlfur, Þær Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir frá Hugarfrelsi kynntu einfaldar og gagnlegar aðferðir sem hjálpa börnum, unglíngum og fullorðnum að takast á við kvíða, auka einbeitingu, ýta undir jákvæða hugsun og efla sjálfsmýnd sína og Söngvaskáld á Suðurnesjum fluttu nokkur lög.

**Skapandi samvera:** Á skapandi samveru hafa handavinnu sérfræðingar hist og deilt hugmyndum. Á árinu kom Magdalena Sirrý og sýndi sína hönnun. Einnig kom Hjördís Þorfinnsdóttir og sýndi hönnun sína en hún vinnur með roð.

**Foreldramorgnar:** Byrjað var að bjóða upp á samverustund foreldra með ung börn í safninu tvisvar í mánuði. Í annað hvert skipti er veitt fræðsla til foreldra sem snýr að þörfum og uppeldi barna. Hin skiptin er notalegt spjall.

**Heilsuvika í Reykjanesbæ:** Í heilsuviku kom Júlía Magnúsdóttir sem var að gefa út bók sína Lífðu til fulls.

**Norræna bókasafnavikan:** í tilefni að Norrænu bókasafnsvikunni bauð safnið upp á auðvelda bókagerð.

**Jólafondur:** Í lok nóvember var safnið með jólaorigami fyrir alla fjölskylduna. Föndurstundin var hugsuð þannig að fólk gæti farið beint eftir origami og fylgst með því þegar kveikt var á jólatrénu í skruðgarðinum.

**Sögustundir á laugardögum:** Síðasta laugardag í mánuði kemur Halla Karen og les og syngur fyrir gesti á safninu. Í ár var byrjað á sögustundum á ensku sem Katrín Nielsdóttir sér um sögustundir á pólsku þar sem Nicole Korzemiacka les.

**Bókasafnsdagurinn:** í tilefni bókasafnsdagsins voru gestir og gangandi með uppbyggilegar skriflegar athugasemdir um nauðsyn bókasafna.

**Bréfamaráðun Amnesty:** í desember gátu gestir skrifað póstkort og tekið þátt í bréfamaráðun Amnesty á Íslandi. Öll póstkortin kláruðust og voru send á skrifstofu Amnesty.

**Upplestur á Nesvöllum:** Anna Margrét Ólafsdóttir og Rannveig Garðarsdóttir lásu úr nýjustu jólabókunum fyrir vistmenn og gesti á Nesvöllum.

**Upplestur í leikskólum:** Anna Margrét og Anna María fóru í leikskóla og lásu fyrir hóp ungra barna jólasögu.

**Dagur fjölskyldunnar:** Þórey Ösp Gunnarsdóttir kynnti Bókasafnið og starfsemi þess á degi fjölskyldunnar sem haldinn var í Myllubakkaskóla.

**Safnahelgi á Suðurnesjum:** Myndasögusýning. Sýning opnuð í safninu á teiknimyndum Inga Jenssýni sem ber heitið „Þetta er allt Viggó að kenna!“ víðsvegar um safnið.

**Kynning á bókmenntaarfinum:** Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni Kynning á menningararfinum, þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Söfnin buðu upp á eftirfarandi dagskrá árið 2016: Erlingskvöld í mars þar sem rithöfundurinn Héðinn Unnsteinsson las upp úr bók sinni, Hugarfrelsi komu og Söngvaskáld Suðurnesja fluttu lög. Vera Knútsdóttir bókmenntafræðingur fjallaði um mannhvörf í bókasafninu í Sandgerði, Lilja Sigurðardóttir og Yrsa Sigurðardóttir lásu úr bókum sínum á glæpakvöldi í Bókasafni Reykjanesbæjar, Ragnar Jónasson las úr bók sinni í bókasafninu í Garði, Bókakonfekt í lok október þar sem Guðmundur Andri Thorsson, Guðmundur Karl Brynjarsson og Vigdís Grímsdóttir lásu úr verkum sínum.

**Fornbókmenntanámskeið:** Námskeið í fornsögunum hélt áfram í Bókasafni Reykjanesbæjar. Grettis saga undir stjórn Þorvaldar Sigurðssonar bókmennta- og íslenskufræðings í febrúar. Hrafnkels saga og Gunnlaugs saga, einnig undir stjórn Þorvaldar, í október. Myndast hefur góður kjarni þátttakenda og nýir bæst við.

## Vefur safnsins og Facebook

**Vefur:** Heimasiða safnsins er uppfærð reglulega, þangað eru settir inn viðburðir, myndir, fréttir og annað tilfallandi.

**Facebook:** Hugað er að því að hafa síðuna lifandi og innihaldsríka. Færðar eru fréttir af viðburðum, bókum, sýndar myndir af gestum og dagskrárliðum og ýmsu skemmtilegu og tilfallandi efni. Fjölgað var innleggjum og ánægjuefni Bókasafnsins á Facebook heldur áfram að aukast.

**Hönnun og myndvinnsla:** Öll hönnun og myndvinnsla á auglýsingum og kynningarefni er unnið innan safnsins.

## TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

**Tölvueign:** 12 tölvur eru nú í eigu safnsins, þar af 3 nettölvur fyrir gesti með prentara, 2 leitartölvur fyrir gesti, ein á neðri hæð sem veita aðgang að leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna og ein sjálfsafgreiðsluvél. Boðið er upp á þráðlaust net fyrir gesti og er aðgangur ókeypis fyrir lánþega safnsins. Lánþegum býðst einn klukkutími á dag í netkaffinu án endurgjalds. Árið 2016 voru 2.023 (1.998) skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 169 (166) á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í september eða 203. Önnur afgreiðslutölvur var endurnýjuð á árinu.

**Forrit og kerfi:** Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 10. Bókasafnskerfið Gegnir er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Photoshop, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes.

## UPPLÝSINGAEILD

**Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir:** Starfsemi Upplýsingadeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingadeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingardeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingadeild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti

upplýsingalæsis. Áfram verður lögð var áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Skráðar beiðnir um heimildaleit voru 153 (277). Ástæða fækkunar getur verið sú að erfiðlega hefur gengið að halda úti upplýsingavakt á neðri hæð safnsins. Heimanámsaðstoðin er í „Búrinu“ þar sem sjálfboðaliðar aðstoða tvisvar í viku yfir vetrartímann.

**Millisafnalán:** Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 43 (33), millisafnalán til annarra bókasafna 420 (310), lán til annarra stofnana s.s. skóla 3812 (4893) og lán til skipshafna (skipakassar) 420 (650).

**Notendafræðsla:** Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál.

**Upplýsingavakt:** Þórey, Sigurrós og Stefanía sinntu upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 10 til 16 virka daga en það hefur því miður ekki tekist. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

## ÚTLÁNADEILD

**Verksvið:** Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við sjúkrahúsið og dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögur um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

**Útlán:** Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2016 voru 77.524 (83.508). Því miður þá eru tölurnar ekki alveg réttar þar sem endurnýjun útlána var í einhverjum tilfellum ekki rétt gerð rétt en það var leiðrétt júní. Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 1.640 (967). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 15.908 (16.020). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 480 (648). Flest útlán voru í júní 7.459. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn 300 (297) daga á árinu.

## VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Ekkert var bundið inn af Faxa né Víkurfréttum á árinu. Innbindingu á Faxa gæti verið sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda Faxa á timarit.is



## YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

### Heimsóknir:

Landnemahópur frá MSS

Menntastofur frá MSS í kynningu og heimildavinnu

### Stjórnarsýsluvið:

Fundir mánaðarlega

Menningarráðsfundir

### Nám og námskeið:

Millisafnalán – ÞÖG

Skráningarnámskeið í Gegni – ÞÖG

Námskeið í Grettis sögu – SG

Hrafnkels saga og Gunnlaugs saga í október – SG

Morgunkorn Upplýsingar – SG

Heimildavinna fyrirlestur í Keili - SG

RDA skráningarnámskeið – SS, SG, ÞÖG

Bókasafnskerfið Alma – SG, ÞÖG

Tölfræði Gegnis – ÞÖG

Diplómanám í Vefmiðlun við HÍ - AMÓ

### Ráðstefnur, fundir:

Skipulagsfundir Landsfundar 2016 - SG,SS,AMÓ,ÞÖG

Landsfundur Upplýsingar í Hljómhóll – stýrt af almenningssöfnunum á Suðurnesjum – allir starfsmenn

Fjölmeningarfundir – AMC fulltrúi

Kynning á læsissáttmála – SG fulltrúi

GoPro upprifjun - SG

Reglulegir fundir með hagdeild – SG

Starfsmenn á skólasöfnum í Reykjanesbæ – SG, AMC



Húsráð í Ráðhúsi – SG fulltrúi  
Aðalfundur Landskerfis í maí - SG fulltrúi  
Stjórnendadagur - SG  
Barna- og unglingaráðstefna í Gerðubergi – SG  
Samráðshópur Sóknaráætlun Suðurnesja – SG  
Hið íslenska bókmenntafélag 200 ára afmæli - SG  
Vorfundur SFA á Austurlandi – SG  
Menntastefna í Stapa - SG  
Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní – SG fulltrúi  
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna – SG  
Súpufundur ferðaþjóna í Reykjanesbæ – SG, RG  
Umsjón með bókaspjalli – RÁ  
Súpufundur um ferðamál – SG, RG  
Facebook fyrir fyrirtæki – hvað er nýtt? RG, AMÓ, AMC

#### **Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:**

Byggðasafn Reykjanesbæjar - samstarf um ýmis verkefni – SG, AMÓ  
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum  
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess  
Heilsuvika - KÚMM teymi  
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Hljóðbókasafn – AMC  
Landskerfi bókasafna – SG  
Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi (varamaður í stjórn 2016-18)  
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gegnis – SG  
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG  
Samráðsfundir framhaldsskólabókaávarðar – SS fulltrúi  
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – SG fulltrúi  
Samstarf við vinnuskólann – 1 nemandi  
Samstarf við Vinnumálastofnun – 1 aðili  
Stýrihópur um fjölmenningu í Reykjanesbæ – AMC fulltrúi stjórnsýslusviðs  
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

#### **Starfsmannafundir, starfsmannamál:**

Hópavinna – teymi um málefni/verkefni funduðu eftir þörfum  
Starfsmannafundir

*Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónarmönnum verkefna.  
Gjört í mars 2017  
Stefanía Gunnarsdóttir  
forstöðumaður*

